# Byggðastofnun

## Árshlutauppgjör janúar - júní 2015

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

# Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda............. 1

Skýrsla stjórnar og stjórnenda............................ 2

Rekstrarreikningur............................................. 4

Efnahagsreikningur............................................. 5

Sjóðstreymi........................................................ 7

Skýringar............................................................ 8

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar Byggðastofnunar

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 30. júní 2015. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn stofnunarinnar og forstjóri eru fyrst og fremst ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnun okkar.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda einingarinnar á árshlutareikningi hennar. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit okkar á reikningsskilunum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu 1. janúar 2015 til 30. júní 2015, efnahag hennar þann 30. júní 2015 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur.

Sauðárkrókur, 27. ágúst 2015

**Endurskoðendaþjónustan ehf.**
***Íslenskir endurskoðendur ehf.***

Sævar Þór Sigurgeirsson
löggiltur endurskoðandi

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar og stjórnenda

## Hlutverk
Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar skilgreint í 2. gr. laga um Byggðastofnun. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

## Rekstur tímabilið janúar - júní 2015
Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 36,5 milljónum króna á tímabilinu. Eigið fé í lok júní 2015 samkvæmt efnahagsreikningi var 2.688 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 21,38%. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki segja til um að eigið fé skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni og uppfyllti stofnunin því ákvæði laga þar um í lok júní 2015.

Þann 10. mars 2015 var á gjalddaga skuldabréfaflokkurinn BYG 03 sem gefin var út árið 2003. Til að endurfjármagna hann gaf Byggðastofnun út nýjan skuldabréfaflokk BYG 15, þann 6. mars 2015 sem skráður var í kauphöll. BYG 15 er til 15 ára og ber 3,2% fasta verðtryggða vexti.
Eigendur 200 mkr. að nafnvirði í BYG 03 flokknum hafa ekki gefið sig fram og er ekki vitað um hverjir þeir eru. Bréfin bera hvorki vexti, verðbætur né dráttarvexti frá gjalddaga skv. ákvæði flokksins. Er nú skoðað hvort hægt sé að slíta fyrningu bréfanna með sérstakri innköllun.

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögmæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þann 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögmæti svo skuldbreyttra lána Byggðastofnunar og var þeim dómi ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Hótel-Mývatn ehf. stefndi Byggðastofnun vegna lögmætis sömu lána og fjallað var um í fyrrnefndu máli. Dómur féll 6. ágúst sl. í Héraðsdómi Norðurlands vestra þar sem Byggðastofnun var sýknuð af kröfu stefnanda, Hótel Mývatns ehf. Nánar er getið um þessi mál í skýringu nr. 19.

Á 144. löggjafarþingi var samþykkt breyting á lögum um Byggðastofnun þar sem hlutverk stofnunarinnar er skilgreint auk þess sem 7. gr. laganna sem fjallaði um Byggðaáætlun var felld burt. Samhliða voru samþykkt lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga skal byggðaáætlun unnin af Byggðastofnun í umboði ráðherra í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

## Áhættustýring
Á árinu 2015 var staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáráhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa allir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

# Skýrsla stjórnar og stjórnenda

## Stjórnunarhættir

Núverandi stjórn Byggðastofnunar var skipuð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra á ársfundi stofnunarinnar 10. apríl 2015. Situr stjórnin fram að næsta ársfundi stofnunarinnar, sem halda skal fyrir 1. júlí 2016. Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn sem er hluti af ,,Handbók fyrir starfsmenn og stjórn". Handbókin var fyrst samþykkt árið 2002 og má nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsumsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

## Atburðir eftir lok tímabils

Engir atburðir hafa orðið eftir lok tímabilsins sem hafa áhrif á uppgjörið.

## Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni. Nýjar lánveitingar hafa aukist frá sama tíma árið 2014 auk þess sem innleystum eignum í eigu stofnunarinnar hefur fækkað. Gert er ráð fyrir auknum útlánum á árinu frá síðasta ári.

## Yfirlýsing stjórnar og stjórnenda

Árshlutauppgjörið er gert í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutauppgjör Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2015 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 27. ágúst 2015

Herdís Á. Sæmundardóttir, stjórnarformaður

| | |
|---|---|
| Ásthildur Sturludóttir | Einar E. Einarsson |
| Karl Björnsson | Oddný María Gunnarsdóttir |
| Sigríður Jóhannesdóttir | Valdimar Hafsteinsson |
| Aðalsteinn Þorsteinsson<br>forstjóri | Magnús Helgason<br>forstöðumaður rekstrarsviðs |

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2015

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr. | 2015 janúar - júní | 2014 janúar - júní |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 37.928 | 56.795 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum | | 413.717 | 358.190 |
| | | 451.645 | 414.984 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum | | 230.768 | 242.145 |
| Önnur vaxtagjöld | | 94 | 99 |
| | | 230.862 | 242.244 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 220.784 | 172.741 |
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum | 6 | 162.000 | 185.550 |
| Annað framlag ríkissjóðs | 6 | 0 | 1.500 |
| Gengismunur | | (3.388) | 4.786 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 20.889 | 21.869 |
| | | 179.502 | 213.706 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 400.285 | 386.446 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Veitt framlög til atvinnuráðgjafa | | 88.450 | 86.100 |
| Veittir aðrir styrkir | | 14.500 | 2.300 |
| Laun og launatengd gjöld | 3,4 | 128.312 | 124.835 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 70.774 | 80.110 |
| Rekstur fullnustueigna | 10 | 61.692 | 24.487 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 14 | 4.367 | 3.537 |
| Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa | 2,12 | (4.301) | (13.380) |
| | | 363.794 | 311.139 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 36.491 | 75.307 |

# Efnahagsreikningur

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir** | | | |
| Bankainnistæður | 7 | 1.664.478 | 2.062.688 |
| **Útlán** | | | |
| Útlán i íslenskum krónum | 8 | 5.689.178 | 5.022.716 |
| Útlán í erlendum myntum | 8 | 4.313.402 | 4.750.406 |
| Fullnustueignir | 9,11 | 685.510 | 1.048.510 |
| | | 10.688.090 | 10.821.632 |
| **Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum** | | | |
| Veltuhlutabréf | 13 | 389.239 | 388.993 |
| | | 389.239 | 388.993 |
| **Hlutir í hlutdeildarfélögum** | | | |
| Hlutir í öðrum fyrirtækjum | 13 | 577.522 | 513.402 |
| | | 577.522 | 513.402 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Skuldunautar | | 16.329 | 68.969 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 14 | 56.880 | 61.247 |
| | | 73.209 | 130.216 |
| **Eignir samtals** | | 13.392.538 | 13.916.931 |

# 30. júní 2015

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr. | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| **Lántökur** | | | |
| Verðtryggðar verðbréfaútgáfur | | 5.829.023 | 5.821.615 |
| Erlendar lántökur | | 4.720.811 | 5.340.160 |
| | 16 | 10.549.834 | 11.161.775 |
| **Aðrar skuldir** | | | |
| Afskriftarreikningur vegna veittra ábyrgða | 18 | 866 | 990 |
| Óráðstöfuð framlög | | 64.482 | 41.349 |
| Aðrar skuldir | | 89.209 | 61.161 |
| | | 154.557 | 103.500 |
| **Skuldir samtals** | | 10.704.392 | 11.265.275 |
| **Eigið fé** | 2,17 | 2.688.147 | 2.651.656 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 13.392.538 | 13.916.931 |
| **Utan efnahagsreiknings** | | | |
| Veittar ábyrgðir | 18 | 16.450 | 18.807 |

# Sjóðstreymi janúar - júní 2015

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | 2015 janúar - júní | 2014 janúar - júní |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | |
| Hagnaður tímabilsins | 36.491 | 75.307 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | |
| Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa | (9.329) | (65.638) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 4.367 | 3.537 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | 0 | (420) |
| Vextir, verðbætur og gengismunur | 7.411 | 211.929 |
| Handbært fé frá rekstri | 38.940 | 224.716 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Afborganir útlána | 616.155 | 760.032 |
| Veitt lán | (590.500) | (439.800) |
| Innleystar eignir | 124.000 | 26.468 |
| Hlutabréf | 9.726 | (41.824) |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 0 | (3.975) |
| Skuldunautar | 52.640 | (42.912) |
| Fjárfestingarhreyfingar | 212.022 | 257.989 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir af lántökum | (4.668.296) | (565.260) |
| Nýjar lántökur | 3.967.943 | 0 |
| Lánadrottnar | 51.181 | 55.004 |
| Fjármögnunarhreyfingar | (649.171) | (510.256) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | (398.210) | (27.551) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 2.062.688 | 2.421.208 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 1.664.478 | 2.393.656 |

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutauppgjörið er gert í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Það byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Það er gert að mestu eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Það er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutauppgjörsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutauppgjörinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2015. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða sölugengi Seðlabanka Íslands í lok tímabislins. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

| Gengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins | **30.06.2015** | **31.12.2014** |
|---|---|---|
| EUR | 147,66 | 154,70 |
| USD | 131,91 | 127,20 |
| JPY | 1,08 | 1,07 |
| | | |
| Gengi Arion banka í lok tímabilsins | | |
| EUR | 146,81 | 153,84 |
| DKK | 19,68 | 20,66 |
| | | |
| Gengi Landsbankans í lok tímabilsins | | |
| EUR | 146,76 | 153,79 |
| | | |
| Gengi Íslandsbanka í lok tímabilsins | | |
| EUR | 146,81 | 153,74 |
| USD | 131,22 | 126,29 |
| JPY | 1,07 | 1,06 |

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

Vísitölur í upphafi tímabils:

| | **01.07.2015** | **01.01.2015** |
|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs til verðtryggingar ....................................... | 428,2 | 421,0 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

## Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

## Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

## Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á áætluðu söluverði. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

## Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

## Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnistæður.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2015<br>janúar - júní | 2014<br>janúar - júní |
|---|---|---|
| Laun | 100.057 | 97.072 |
| Lífeyrissjóðsframlög | 12.980 | 11.897 |
| Trygginagjald | 8.583 | 8.447 |
| Áunnið orlof á tímabilinu | 5.040 | 5.786 |
| Önnur launatengd gjöld | 1.652 | 1.634 |
| Laun og launatengd gjöld alls | 128.312 | 124.835 |

Að meðaltali störfuðu 24 starfsmenn hjá Byggðastofnun á tímabilinu m.v. heilsársstörf, sem er fjölgun um einn starfsmann frá árinu 2014. Í lok tímabilsins voru 24 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 24.

## 4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

| | 2015<br>janúar - júní | 2014<br>janúar - júní |
|---|---|---|
| Herdís Á. Sæmundardóttir, stjórnarformaður frá 10.04.2015 | 459 | 0 |
| Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður til 10.04.2015 | 675 | 1.010 |
| Ásthildur Sturludóttir | 515 | 168 |
| Einar E. Einarsson, varaformaður | 515 | 168 |
| Guðmundur R. Gíslason (varamaður 2015) | 0 | 331 |
| Halla Björk Reynisdóttir (varamaður) | 43 | 0 |
| Karl Björnsson | 515 | 168 |
| Matthildur Helgadóttir Jónudóttir | 0 | 331 |
| Oddný María Gunnarsdóttir | 515 | 168 |
| Ólafía Jakobsdóttir | 0 | 331 |
| Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir | 0 | 486 |

| | | |
|---|---|---|
| Páll Baldursson (varamaður) | 43 | 0 |
| Rögnvaldur Ólafsson | 0 | 331 |
| Sigríður Jóhannesdóttir | 515 | 168 |
| Sveinn Auðunn Sæland | 86 | 0 |
| Valdimar Hafsteinsson | 515 | 499 |
| Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri | 6.980 | 7.139 |
| Þóknanir til stjórnar og forstjóra samtals | 11.373 | 11.299 |

## 5. Þóknanir endurskoðenda

| Þóknanir endurskoðenda greinast þannig: | 2015 janúar - júní | 2014 janúar - júní |
|---|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörs | 2.829 | 2.647 |
| Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun | 1.296 | 3.337 |
| Þóknanir endurskoðenda samtals | 4.125 | 5.984 |

## 6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

| | 2015 janúar - júní | 2014 janúar - júní |
|---|---|---|
| Almennur rekstur | 73.800 | 75.050 |
| Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni | 88.200 | 85.500 |
| Vegna verkefnisins Brothættar byggðir | 0 | 25.000 |
| Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum | 162.000 | 185.550 |

| | janúar - júní | janúar - júní |
|---|---|---|
| Framlag ríkissjóðs v. rannsóknarmiðstöðvar á Raufarhöfn | 0 | 1.500 |
| Annað framlag ríkissjóðs samtals | 0 | 1.500 |

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs.

| | janúar - júní | janúar - júní |
|---|---|---|
| Styrkir vegna verkefnastjóra Brothættra byggða | 11.250 | 0 |
| Styrkur til rannsóknarmiðstöðvar á Raufarhöfn | 0 | 1.500 |
| Styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar | 97.257 | 38.154 |
| Styrkir v. AVS | 0 | 50.215 |
| Veittir styrkir alls | 108.507 | 89.869 |

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færði á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins ,,Brothættar byggðir" nam 17.710 þúsund krónum á tímabilinu og er færður í rekstrarreikning.

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 7. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Bankainnistæður í íslenskum krónum ........................................ | 1.508.241 | 1.893.902 |
| Bankainnistæður í erlendri mynt ................................................ | 156.237 | 168.785 |
| Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals ................................... | 1.664.478 | 2.062.688 |

## 8. Útlán til viðskiptavina

| Sundurliðað eftir lántakendum: | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög ................................................................ | 0,40% | 0,45% |
| Einstaklingar ................................................................................ | 10,50% | 8,92% |
| Sundurliðað eftir atvinnugreinum: | | |
| Þjónustustarfsemi ........................................................................ | 43,63% | 44,78% |
| Iðnaður .......................................................................................... | 26,63% | 15,22% |
| Sjávarútvegur ............................................................................... | 13,63% | 26,45% |
| Landbúnaður ................................................................................. | 5,11% | 4,08% |
| Fjármálastofnanir ......................................................................... | 0,10% | 0,10% |
| | 100% | 100% |

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur ....................................................................... | 444.744 | 465.125 |
| Allt að 3 mánuðum ....................................................................... | 369.170 | 178.691 |
| Yfir 3 mán. og allt að 1 ári .......................................................... | 614.853 | 776.298 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum ........................................................... | 2.840.988 | 2.765.611 |
| Yfir 5 ár ......................................................................................... | 5.732.826 | 5.587.396 |
| | 10.002.580 | 9.773.122 |

## 9. Fullnustueignir

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Fasteignir ...................................................................................... | 685.510 | 1.048.510 |
| | 685.510 | 1.048.510 |

## 10. Rekstur fullnustueigna

| | 2015 janúar - júní | 2014 janúar - júní |
|---|---|---|
| Leigutekjur .................................................................................... | 22.401 | 31.658 |
| Rekstrarkostnaður ........................................................................ | 84.094 | 56.145 |
| | (61.692) | (24.487) |

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 11. Fullnustueignir

| | F. mat | Stærð $m^2$ |
|---|---|---|
| Eyrarland 1, Hvammstanga | 7.170 | 159,2 |
| Eyrarland 1, Hvammstanga | 6.800 | 150,9 |
| Grænigarður, Ísafirði | 55.843 | 1.366,7 |
| Hafnarbraut 7 & 15, Dalvík | 47.900 | 1.001,6 |
| Héðinsbraut 4, Húsavík | 51.200 | 1.129,4 |
| Nesbraut 7, Reyðarfirði | 30.400 | 722,4 |
| Pálsbergsgata 3 & 5, Ólafsfirði | 31.970 | 1.851,4 |
| Sandhorn, Hrísey | 22.250 | 832,7 |
| Seljavogur 10, Höfnum | 22.450 | 231,8 |
| Sindragata 27, Ísafirði | 33.050 | 659,6 |
| Sólvellir 23, Breiðdalsvík | 68.532 | 2.081,6 |
| Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði | 10.050 | 601,0 |
| Strandgata 37, Tálknafirði | 10.275 | 456,1 |
| Valgerðarstaðir 4, Fljótsdalshéraði | 100.350 | 5.148,3 |
| Vallarás 7-9, Borgarnesi | 131.400 | 1.919,1 |
| Vatneyri, vélsmiðja, Patreksfirði | 9.332 | 736,1 |
| | 638.972 | 19.047,9 |

Fullnustueignir eru bókfærðar í árshlutauppgjöri á 685.510 þúsund krónur.

## 12. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

| Afskriftarreikningur útlána | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Staða 1. janúar | 1.240.049 | 1.521.737 |
| Framlög á árinu | 58.915 | 49.068 |
| Endanlega töpuð útlán | (1.992) | (401.481) |
| Innkomið áður afskrifað | 0 | 70.726 |
| Staða 30. júní | 1.296.972 | 1.240.049 |
| | | |
| Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum | 11,48% | 11,26% |

| | janúar - júní | janúar - júní |
|---|---|---|
| Framlag á tímabilinu vegna útlána | 64.915 | 24.604 |
| Framlag vegna ábyrgða | (124) | (115) |
| Framlag vegna viðskiptakrafna | 5.000 | 3.000 |
| Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélögum | (73.851) | (11.805) |
| Matsverðsbreyting á öðrum hlutabréfum | (241) | (27.573) |
| Innkomin áður afskrifuð lán | 0 | (1.491) |
| Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi | (4.301) | (13.380) |

## 13. Hlutafjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

| **Fasteignarekstur** | **Eignarhluti** | **Nafnverð** |
|---|---|---|
| Ámundakinn ehf. | 16,45% | 26.000 |
| Ásgarður hf. | 13,10% | 15.000 |
| Dalagisting ehf. | 12,11% | 8.000 |
| Fasteignafélag HN ehf. | 3,09% | 232 |
| Fasteignafélagið Borg ehf. | 29,77% | 18.825 |
| Fasteignafélagið Hótel Hellissandur ehf. | 25,49% | 19.534 |
| Fasteignafélagið Hvammur ehf. | 24,85% | 16.926 |
| Fasteignafélagið Kirkjuból ehf. | 30,35% | 7.124 |
| Grand hótel Mývatn ehf. | 7,22% | 10.000 |
| Hæðin á Höfðabraut ehf. | 12,28% | 2.000 |
| Tröllasteinn ehf. | 18,92% | 7.000 |
| Urtusteinn ehf. | 8,45% | 32.818 |
| **Fasteignarekstur samtals** | | 163.459 |
| | | |
| **Ferðaþjónusta** | | |
| Hótel Flúðir hf. | 11,94% | 3.109 |
| Hótel Húsavík ehf. | 0,38% | 136 |
| Hótel Varmahlíð hf. | 13,04% | 3.000 |
| Hvalamiðstöðin Húsavík ehf. | 19,70% | 2.000 |
| Nes-Listamiðstöð ehf. | 35,71% | 5.000 |
| P/F Smyril-line | 1,67% | 1.868 DKK |
| Snorri Þorfinnsson ehf. | 19,90% | 12.000 |
| **Ferðaþjónusta samtals** | | 25.245 |
| | | |
| **Fjárfestingarfélög** | | |
| Dýralíf ehf. | 31,70% | 4.000 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. | 40,00% | 109.142 |
| Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf | 19,03% | 96.840 |

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Eignarhluti | Nafnverð |
|---|---|---|
| Fjárfestingafélagið Vör hf. | 41,95% | 35.940 |
| Hvetjandi ehf. | 48,50% | 129.635 |
| Saga Eignarhaldsfélag hf. | 0,37% | 18 |
| Tvídrangi ehf. | 15,27% | 4.991 |
| **Fjárfestingarfélög samtals** | | 380.566 |
| **Iðnaður** | | |
| Borg, saumastofa ehf. | 19,82% | 170 |
| Fánasmiðjan ehf. | 9,95% | 4.167 |
| Fjallalamb hf. | 10,68% | 10.000 |
| Molta ehf. | 30,00% | 50.000 |
| Raflagnir Austurlands ehf. | 17,56% | 3.600 |
| Ullarvinnsla Frú Láru ehf. | 29,76% | 2.500 |
| Vilko ehf. | 29,13% | 21.555 |
| Þörungaverksmiðjan hf. | 27,67% | 7.919 |
| **Iðnaður samtals** | | 99.911 |
| **Landbúnaður** | | |
| Eðalís ehf. | 11,06% | 3.000 |
| Yrkjar ehf. | 7,29% | 1.800 |
| **Landbúnaður samtals** | | 4.800 |
| **Rekstrarráðgjöf** | | |
| Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. | 22,10% | 1.933 |
| **Rekstrarráðgjöf samtals** | | 1.933 |
| **Sjávarútvegur** | | |
| Bernskan ehf. | 34,53% | 22.444 |
| Eignarhaldsfélagið Gláma hf. | 30,01% | 94.400 |
| Fiskvinnslan Drangur ehf. | 4,08% | 1.000 |
| Tó hf. | 10,40% | 2.667 |
| Þórsberg ehf. | 22,74% | 30.191 |
| **Sjávarútvegur samtals** | | 150.702 |
| **Verslun og þjónusta** | | |
| Samkaup hf. | 2,77% | 10.801 |
| **Verslun og þjónusta samtals** | | 10.801 |
| **Hlutafjáreign samtals** | | 837.417 |

Hlutabréf í hlutdeildarfélögum eru bókfærð í árshlutauppgjöri á 577.522 þúsund krónur og önnur hlutabréf eru bókfærð á 389.239 þúsund krónur. Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 403.938 þúsund krónur.

## 14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Innrétting | Bifreiðar | Hugbún. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1/1 ................. | 70.388 | 3.219 | 23.499 | 7.216 | 104.322 |
| Afskrifað alls 1/1 ............ | (30.480) | (2.897) | (9.698) | 0 | (43.075) |
| Afskrifað á árinu ............ | (974) | (322) | (2.350) | (722) | (4.367) |
| Bókfært verð 30/06 ........ | 38.935 | 0 | 11.451 | 6.495 | 56.880 |
| Stofnverð alls 30/06 ....... | 70.388 | 3.219 | 23.499 | 7.216 | 104.322 |
| Afskrifað alls 30/06 ........ | (31.454) | (3.219) | (12.048) | (722) | (47.442) |
| Bókfært verð 30/06 ........ | 38.935 | 0 | 11.451 | 6.495 | 56.880 |
| Afskriftarhlutföll .............. | 2-3% | 20% | 20% | 20% | |

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

| | Fasteigna-mat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki .......... | 28.735 | 99.190 | 27.237 |
| Háahlíð 4, Sauðárkróki ................................ | 33.900 | 57.100 | 11.698 |
| | 62.635 | 156.290 | 38.935 |

## 15. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

| Erlent: | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum .................................................... | 4.469.639 | 4.919.190 |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum .................................................. | 4.720.811 | 5.340.160 |
| Nettó staða erlendra eigna og skulda ........................................ | (251.172) | (420.970) |

| Verðtryggt: | | |
|---|---|---|
| Verðtryggðar eignir ..................................................................... | 4.949.142 | 4.581.482 |
| Verðtryggðar skuldir .................................................................. | 5.194.977 | 5.822.031 |
| Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda .................................. | (245.835) | (1.240.549) |

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | USD | DKK | JPY | EUR | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Útlán ............................. | 613.800 | 0 | 1.395.787 | 2.303.815 | 4.313.402 |
| Handbært fé .................. | 81.808 | 1.336 | 13.089 | 60.004 | 156.237 |
| Eignir samtals ................ | 695.608 | 1.336 | 1.408.876 | 2.363.819 | 4.469.639 |
| Lántökur ........................ | 647.740 | 0 | 1.575.501 | 2.497.570 | 4.720.811 |
| Nettó staða .................... | 47.868 | 1.336 | (166.625) | (133.751) | (251.172) |

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

## 16. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

| | 30.06.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|
| Gjaldkræft ........................................................................... | 634.046 | 0 |
| Allt að 3 mánuðum ..................................................................... | 148.289 | 4.870.812 |
| Yfir 3 mán. og allt að 1 ári ......................................................... | 1.314.981 | 984.201 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum ........................................................... | 3.879.221 | 3.085.711 |
| Yfir 5 ár ....................................................................................... | 4.573.297 | 2.221.051 |
| | 10.549.834 | 11.161.775 |

Þann 10. mars 2015 var á gjalddaga skuldabréfaflokkurinn BYG 03 sem gefin var út árið 2003. Til að endurfjármagna hann gaf Byggðastofnun út nýjan skuldabréfaflokk BYG 15, þann 6. mars 2015 sem skráður var í kauphöll. BYG 15 er til 15 ára og ber 3,2% fasta verðtryggða vexti.

Eigendur 200 mkr. að nafnvirði í BYG 03 flokknum hafa ekki gefið sig fram og er ekki vitað um hverjir þeir eru. Bréfin bera hvorki vexti, verðbætur né dráttarvexti frá gjalddaga skv. ákvæði flokksins.

## 17. Eigið fé

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárhlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar 21,38%.

Eigið fé og eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

| | **30.06.2015** | **31.12.2014** |
|---|---|---|
| Eiginfjárþáttur A | 2.688.147 | 2.651.656 |
| Samtals | 2.688.147 | 2.651.656 |
| Útlánaáhætta | 10.637.475 | 11.044.175 |
| Gengisáhætta | 293.113 | 436.750 |
| Rekstraráhætta | 1.645.388 | 1.645.388 |
| Áhættugrunnur | 12.575.975 | 13.126.313 |

| | | |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 2.651.656 | 2.302.439 |
| Hagnaður tímabilsins | 36.491 | 349.217 |
| | 2.688.147 | 2.651.656 |
| Eiginfjárhlutfall | 21,38% | 20,20% |

## 18. Veittar ábyrgðir

Byggðastofnun hefur gengist í ábyrgðir að fjárhæð 17.316 þúsund króna. Í lok tímabislins var metin áhætta á því að ábyrgðir falli á stofnunina. Ábyrgðir að fjárhæð 866 þúsund króna, sem líklegar eru til að falla á stofnunina hafa verið skuldfærðar í árshlutauppgjörinu. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema því um 16.450 þúsundum króna í lok tímabilsins.

## 19. Önnur mál

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögmæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þann 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögmæti svo skuldbreyttra lána Byggðastofnunar og var þeim dómi ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Hótel-Mývatn ehf. stefndi Byggðastofnun vegna lögmætis sömu lána og fjallað var um í fyrrnefndu máli. Dómur féll 6. ágúst sl. í Héraðsdómi Norðurlands vestra þar sem Byggðastofnun var sýknuð af kröfu stefnanda, Hótel Mývatns ehf. Ekki er vitað hvort málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Mál er í gangi fyrir Hæstarétti vegna uppgjörs sölu fullnustueignar en þar eru stefnukröfur minniháttar.

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 20. Viðskipti við tengda aðila

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélög eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á árinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila námu í lok tímabilsins 679.056 þúsund krónum og voru 34.402 þúsund krónur í vanskilum.

## 21. Breytingar á samanburðarfjárhæðum árið 2014

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á samanburðarfjárhæðum árshlutauppgjöri 2014. Leiðrétting var gerð í rekstrarreikning á öðru framlagi ríkissjóðs og veittum styrkjum v. jöfnunar flutningskostnaðar. Veittir styrkir sem Byggðastofnun er falið að sjá um og greiða fara nú í gegnum efnahagsreikning. Samanburðarfjárhæðir ársins 2014 í árshlutauppgjöri 2015 breytast þannig frá áður samþykktu árshlutauppgjöri 2014:

Áhrif á rekstrarreikning

| | **Samþykkt árshlutauppgjö** | **Leiðrétting** | **Leiðrétt árshlutauppgjö** |
|---|---|---|---|
| Annað framlag ríkissjóðs ................................ | 89.869 | (88.369) | 1.500 |
| Veittir styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar ..... | 38.154 | (38.154) | 0 |
| Veittir styrkir v. AVS ........................................ | 50.215 | (50.215) | 0 |